

## 12. fundur ferðamálaráðs

**Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu föstudaginn 22. júní kl. 12.00.**

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason, Helgi Már Björgvinsson, Ásbjörn Jónsson, Unnur Halldórsdóttir, Dofri Hermannsson og Ólöf Ýrr Atladóttir áheyrnarfulltrúi. Svanhildur Konráðsdóttir ritaði fundargerð.

- 1. Frumvarp um skipan ferðamála.** SK gerði grein fyrir stöðu málsins en frumvarp um skipan ferðamála var sent til atvinnuveganefndar Alþingis að lokinni fyrstu umræðu. Umsagnarferli er ekki hafið og því hefur enginn verið boðaður á fund nefndarinnar um málið. Vonir standa til að frumvarpið verði tekið fyrir á þingi strax í haust. Á meðan ný lög hafa ekki verið samþykkt mun ferðamálaráð áfram að koma saman og sinna hlutverki sínu sem ráðgefandi gagnvart ráðherra á sviði ferðamála.
- 2. Viðbrögð við fjölgun ferðamanna sumarið 2012.** Málið tekið upp á vettvangi ráðsins í kjölfar umræðna í fjölmiðlum og víðar um fyrirsjáanlega ógnun við viðkvæma náttúru sökum mikillar ásóknar ferðamanna og þeirra sjónarmiða að upplifun ferðamanna rýrni mögulega í samhengi við vaxandi fjölda. Hugmyndir um kortlagningu eða könnun á dreifingu og upplifun ferðamanna kom einnig fram á stjórnarfundum Íslands allt árið þann 8. júní þm. HMB upplýsti að sumarið 2012 væri undir 10% fjölgun á flugsætum frá sumri 2011 og ÓÝA að Ferðamálastofa býst við fjölgun á milli 3-5% á miðað við sama tímabil 2011. Það væri því mjög orðum aukið að búast við stórfjölgun eða alvarlegu ástandi. SS taldi bókunarstöðu hjá Ferðaþjónustu bænda vísa til þess að gott sumar væri framundan og að hætta á of mikilli ásókn ferðamanna væri helst á stöðum sem væru í um 100 km. hring út frá höfuðborgarsvæðinu.  
  
Ráðið leggur ríka áherslu á að rannsóknir í ferðaþjónustu fái stórauðna athygli og að þeim sé tryggt eðlilegt fjármagn í hlutfalli við mikilvægi og verðmætasköpun greinarinnar fyrir þjóðarbúið. Áhersla á þetta er skýr í ferðamálaáætluninni. Enn búi greinin við það að umræða um skaðleg áhrif ferðamanna og ónóga aðstöðu á fjölsóttum stöðum sé árviss án þess að nægar upplýsingar liggi fyrir til að móta aðgerðaáætlun. Einnig sé óásættanlegt að erfitt sé að fá heildaryfirsýn um þær rannsóknir sem eru í gangi á vettvangi ferðaþjónustu á Íslandi. Samþykkt að óska eftir því við ferðamálastjóra að Ferðamálastofa geri tillögu að því hvernig megi kortleggja dreifingu og upplifun ferðamanna í sumar með sérstakri áherslu á fjölsóttu staði.
- 3. Innanlandsátak Ferðamálastofu og markaðsstofanna.** ÓÝA innleiddi kynningu á verkefninu *Ísland er með 'etta* sem ráðgert er að hleypa af stokkunum um mánaðamót júní – júlí. Sváfnir Sigurðarson frá HN Markaðssamskiptum kynnti innihald samstarfsins sem ráðgert er að vari í 3 ár. Framlög til verkefnisins er 20 m.kr. árið

2012 – 16 m.kr. frá markaðsstofum og Ferðamálastofu og 4 m.kr. frá sérstökum samstarfsfyrirtækjum. Vefur, sem kynnir fjölbreytta þjónustu- og afþreyingarmöguleika um allt land, er hjarta verkefnisins og býður jafnframt upp á innlegg og þátttöku notenda. Ráðið telur mikilvægt að árangur átaksins sé mælanlegur og ÓÝA segir að kannanir á ferðalögum Íslendinga innanlands verði nýttar til að mæla viðhorf o.fl. gagnvart verkefninu. JÁ og HMB benda á möguleika á tengingu við Ísland allt árið og leggur til að verkefnið fái kynningu á fundi markaðshóps vettvangsins. Ferðamálaráð fagnar þessu framtaki og samstarfi markaðsstofanna um allt land.

4. **Önnur mál.** SK gerði grein fyrir þeirri ósk Ragnheiðar Hergeirsdóttur til ráðherra að ljúka setu sinni í ferðamálaráði þar er starfsvettvangur hennar hafi breyst og sé ekki lengur í nauðsynlegum tengslum við málefni tengd ferðaþjónustu. Ferðamálaráð þakkar Ragnheiði kærlega fyrir ánægjulegt samstarf á vettvangi ráðsins.

Næsti fundur ráðsins verður haldinn fimmtudaginn 28. júní kl. 16.30 í húsnæði Ferðamálastofu.

Fleira var ekki gert.